

		Flyt 1700 kr.
<b>118</b>	Ennfremur samþykkjast tillögur amtsráðsins um, að veittar verði:	
27. júlí.	Hjörleifi Björnssyni frá Breiðabólssstöðum á Álptanesi til að nema búfræði	100 —
	Ívari Helgasyni frá Flekkuvík á Vatnsleysuströnd til að kynna sjer sjávarútveg og veiðiaðferð Norðmanna	300 —
	Lopti Gíslasyni á Vatnsnesi í Grímsnesi til verkfærakaupa	100 —
	Síra Þorkeli Bjarnasyni á Reynivöllum til þúfnasljettunar	150 —
	Sigurði Arngrímssyni á Stóru-Fellsöxl til verkfærakaupa	100 —
	Þórði Þorsteinssyni á Leirá til verkfærakaupa	100 —
	Einari Guðmundssyni á Heggstöðum til verkfærakaupa	100 —
	Síra Helga Sigurðssyni á Melum til garðyrkju	100 —
		alls 2750 —

Eru þá eptir 783 kr 33 a. óveittir af fje því, er suðurumdæminu er ætlað af nefndri fjárveitingu og er því skotið á frest að gjöra ákvörðun um fje þetta.

Um leið og jeg tjái yður þetta, herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafana, sendi jeg yður hjer með 2 jarðabókarsjóðsávísanir á ofan nefndar 2750 kr.

### Auglýsing.

**119**  
28. júlí. Samkvæmt brjefi 21. maí þ. á. frá yfirstjórn póst og telegrafmálanna auglýsist hjer með, að lýðveldin Ecúador og Urúgúay hafi frá 1 þ. m. gengið inn í allsherjarpóst-sambandið, og að burðargjaldið til þessara landa sje hið sama og tilfært er bls. 22 N<sup>o</sup> 48. burðargjaldsskrá þeirri, sem er til eptirsjónar á póstafrgreiðslustöðum landsins á dönsku. Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík 28. júlí 1880.

**Hilmar Finsen.**

*Jón Jónsson.*

**120**  
28. júlí. — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir vesturumdæminu um efling búnaðar. — Samkvæmt tillögum amtsráðs vesturumdæmisins samþykkist hjer með, að vesturamtíð fái 2466 kr. 67 a. af fje því, sem með 10. gr. C 4 fjárlaganna er veitt til eflingar búnaði, og að helming nefndrar upphæðar verði skipt þannig milli búnaðarfjelaga og búnaðarsjóða í amtinu, að

1. búnaðarfjelag Hörðudalshrepps fái . . . . . 100 kr.
2. búnaðarfjelag Kolbeinsstaðahrepps . . . . . 50 —
3. búnaðarfjelagið á Skógarströnd . . . . . 50 —
4. búnaðarfjelagið í Miklaholts- og Eyjahreppi . . . . . 100 —
5. búnaðarfjelagið í Hraunshreppi . . . . . 50 —
6. búnaðarsjóður Vesturamtsins . . . . . 883 — 33 a.

Veitingarnar handa búnaðarfjelogunum eru bundnar því skilyrði, að fjenu verði eingöngu varið til verkfærakaupa og til að launa búfræðingum, en því fje, sem lagt er búnaðarsjóði Vesturamtsins skal varið eptir nánari ákvörðun amtsráðsins.

Að því er snertir hinn helminginn af þessa árs fjárveitingu eða 1233 kr. 34 a., sem úthluta ber í vesturumdæminu, hefir meiri hluti amtsráðsins lagt það til, að jarðyrkjumanni Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal verði veitt 1000 kr. verðlaun fyrir hina skotsku ljái, er hann hefir innleitt hjer á landi, og að verðlaun þessi verði greidd af fje því, sem